



Dagsetning: 14. október 2024  
Málsnúmer: 2406025/12.1.3

## Til skipulags- og framkvæmdanefndar

### Deiliskipulag - Tjaldsvæði á Norðfirði Svör við umsögnum

#### Alls bárust 7 umsagnir.

Umsagnaraðili	Umsögn	Viðbrögð
Rarik 18.07.2024	Ekki er tekið fram hvað verður um húsið sem stendur við Strandgötu 62. En samkvæmt uppdættinum virðist það verða rífið. Það er heimtaug í húsið og götugreinaskápur einnig á lóðinni. Ef húsið verður fjarlægt, þarf að sækja um aftengingu heimtaugar áður en það er gert.	Sveitarfélagið veit af þessu og sækir um aftengingu þegar rífa á húsið.
Heilbrigðisstofnun Austurlands 08.08.2024	<p>Fram kemur í greinargerð að fráveita verði leidd í rotþró á svæðinu. HAUST leggur áherslu á að fráveitu verði veitt í safnræsi í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur skólþ, þar sem tjaldsvæði er staðsett innan þéttbýlis.</p> <p>Tjaldsvæði eru starfsleyfisskyld skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti. Um fjölda salerna á tjaldsvæðum skal fara eftir áðurnefndri reglugerð.</p> <p>Um leiksvæði og leikvallatæki gildir reglugerð nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim. Leikvallatæki skulu uppfylla kröfur sem fram koma í stöðlum ÍST EN 1176 ásamt ÍST EN 1177 um leikvallatæki og undirlag þeirra.</p> <p>Heilbrigðiseftirlit Austurlands gerir ekki aðrar athugasemdir við innsend gögn á þessu stigi skipulagsvinnunnar en áskilur sér rétt til frekari umsagna og athugasemda á síðari stigum.</p>	Sett verður Diamond Hreinsistöð í stað fyrir rotþró. Tvær slíkar eru nú þegar innan þéttbýlismarka Norðfjarðar.



Slökkvilið Fjarðarbyggðar 21.08.2024	Slökkviliðið gerir engar athugasemdir þar sem "Aðrir skilmálar" uppfylla það sem snýr að okkur.	Þarfnaðist ekki viðbragða.
Náttúrufræðistofnun Íslands 22.08.2024	Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagstillöguna og gerir ekki athugasemdir við hana. Þó bendir stofnunin á að válistategundin lyngbúi (Ajuga pyramidalis) hefur fundist í Norðfirði en fer fækkandi. Ástæða er til að láta kanna hvort tegundin finnist á skipulagssvæðinu.	Sveitarfélagið lætur skoða skipulagssvæðið fyrir Lyngbúa.
Minjastofnun Íslands 29.08.2024	Skráningu menningarminja innan deiliskipulagssvæðisins er lokið sbr. 16. gr. laga um menningarminja nr. 80/2012. Tvær fornleifar eru skráðar innan svæðisins. Innan svæðisins stendur eitt mannvirki með skráð byggingarár 1963. Fellur hún þar með ekki undir verndarákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.  Færa þarf staðsetningu skráðra fornleifa inn á skipulagsuppdrátt.  Minjastofnun Íslands gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við ofangreinda deiliskipulagstillögu eins og hún hefur verið kynnt stofnuninni. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: <i>Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.</i>	Færð verður staðsetning skráðra fornleifa inn á uppdrátt.
Veðurstofa Íslands 03.09.2024	Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillögu þessa.	Þarfnaðist ekki viðbragða.
Eiríkur Simonsen 27.08.2024	„Ætla að mótmæla þessari staðsetningu, finnst fáránlegt að setja það á hættusvæði, hvað ef það kemur snjóflóð á þessu svæði á þá bara að henda peningum aftur í nýtt tjaldsvæði og þjónustuhús? Ef þessu verður ekki breytt er ég einnig á móti því að rífa húsið á þessari lóð. Það á frekar að nýta það	Fjarðabyggð auglýsti rekstur tjaldsvæða í sinni eigu til sölu á liðnum vetri og apríl 2024 samþykkti bæjarráð söluna á grundvelli tilboða sem í



	<p>sem þjónustuhús.</p> <p>Var Fjarðabyggð ekki að auglýsa eftir aðilum til að taka við rekstri tjaldsvæðis í Neskaupstað? Vitið þið ekki að það er fyrirhugað að opna annað tjaldsvæði næsta vor? , af hverju að vera með samkeppni? Er ekki nær að sleppa því að eyða peningum í þetta tjaldsvæði og leyfa þessum aðila að spreyta sig eða hafa samband við þann aðila og hugsanlega samstarf?</p>	<p>þau bárust. Ekkert tilboð barst í tjaldstæði í Neskaupstað en kaupandi fjögurra tjaldstæða, Ferðaþjónusta Fossárdals, tók svæðið á leigu í sumar með kaup í huga þegar lægi fyrir hvar það yrði staðsett þar sem núverandi staðsetning mun fara undir varnarmannvirki vegna ofanflóða.</p> <p>Sveitarfélagið auglýsti því sannarlega rekstur tjaldstæðisins í Neskaupstað til sölu og kom fram í auglýsingu að ekki væri kvöð á staðsetningu þess en engin viðbrögð voru því þeirri auglýsingu utan Ferðaþjónustunnar í Fossárdal.</p> <p>Sveitarfélaginu er þá ekki kunnugt um að til standi að opna annað tjaldstæði á komandi vori á vegum einkaaðila. Hvað varðar staðsetningu tjaldstæðisins á ofanflóðahættusvæði samkvæmt auglýstu deiliskipulagi þá byggir það á því að laust land innan þéttbýlis í Neskaupstað utan hættusvæða fer minnkandi og er það stefna sveitarfélagsins að það sé nýtt til húsbygginga. Rekstur tjaldstæðis í Neskaupstað er bundin við sumartíma og því</p>
--	--	--



		<p>utan þess tíma sem hættuástand getur skapast vegna snjóflóða og því var þessi staðsetning fyrir valinu þar sem nálægð er við þéttbýlið. Hvað varðar núverandi hús sem er á svæðinu þá þyrfti að fara í umtalsverðar fjárfestingar á því vegna viðhalds og til að breyta því fyrir nýtt hlutverk sem þjónustuhús ásamt staðsetingu þess og því er það metið betra að reisa þjónustuhús sem hannað er til slíks.</p>
--	--	---



Aron Leví Beck

Skipulags- og umhverfisfulltrúi